

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituað og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- | | |
|-------------------------------|------------------------|
| a) Fyrir vatn 80°C og heitara | 161 kr./m ³ |
| b) Fyrir vatn 70-79° | 129 kr./m ³ |
| c) Fyrir vatn 69°C og kaldara | 98 kr./m ³ |

Hitaveitunni er heimilt að fára notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- | | |
|----------------------------|-----------|
| a) Fyrir mæli allt að ¾" | kr. 1.402 |
| b) Fyrir mæli 1"-2" | kr. 2.824 |
| c) Fyrir mæli 3" og stærri | kr. 5.628 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.278.

Gjalddagi hitaveitugjalfa er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reikningsins.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400-2.000 m ³	kr.
------------------------------	-----

Fyrir 400 m ³	258.892
--------------------------	---------

og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	226
---	-----

Hús stærri en 2.000 m ³	617.765
------------------------------------	---------

og fyrir hvern rúmmetra umfram 2.000 m ³	180
---	-----

Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er	34.378
---	--------

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Nr. 22

12. janúar 2018

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnum á ný greiðir sá sem er í vanskilum auk kr. 2.555 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er feld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 19/2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. janúar 2018.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2018